



Samtakahópurinn, fundur haldinn 27.05.2025 kl. 14:00 í

Ráðhúsinu, Grænásbraut 910

Mætt: Þormóður Logi Björnsson, Silja María Albertsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir, Helga Hafsteinsdóttir, Dagný Sveinsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Ólafur Bergur Ólafsson, Logi Þór Ágústsson, Hjördís Eva Þórðardóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Verum örugg: Niðurstöður barna- og ungmennapings Reykjanesbæjar 2025

- Ólafur Bergur Ólafsson umsjónarmaður Ungmennaráðs Reykjanesbæjar var með kynningu á niðurstöðum Barna- og ungmennapings Reykjanesbæjar 2025.
- Þingið var skipulagt af Ungmennaráði Reykjanesbæjar með aðstoð frá Unglingaráði Fjörheima. Ungmenninn sá um skipulag, undirbúning og framkvæmd.
- Yfirskrift þingsins var „Verum örugg“ og þemað var öryggi í víðum skilningi.
- Þingið var skipt í fimm umræðuflokka:
 - Öryggi í skólanum
 - Öryggi í tómstundum
 - Öryggi í samskiptum
 - Öryggi á netinu
 - Öryggi í umhverfinu
- Niðurstöður má finna í viðhengi.
- Samtakahópurinn þakkar Ólafi Bergi fyrir góða kynningu.

Flotinn flakkandi félagsmiðstöð

- Logi Þór Ágústsson starfsmaður Flotans í Reykjanesbæ var með kynningu á vettvangstarfi Flotans.
- Hlutverk og markmið Flotans er m.a. að auka öryggi unglinga í Reykjanesbæ, styrkja félagslega stöðu þeirra og efla forvarnir.
- Starfsfólk mætir unglingum þar sem þau eru stödd, t.d. á götum, í görðum eða hverfum. Starfsfólk vinnur að því að kortleggja og fylgjast með hópnum sem er úti, greina þarfir og bregðast við.
- Sumarstarf Flotans í Reykjanesbæ hefst þriðjudaginn 10. júní og verður Flotinn starfandi öll þriðjudags- og fimmtudagskvöld í sumar.
- Glærur um starf Flotans má finna í viðhengi.
- Samtakahópurinn þakkar Loga Þór fyrir góða kynningu.



Farsæld barna á Suðurnesjum

- Hjördís Eva Þórðardóttir verkefnastjóri farsældar barna var með kynningu á fundinum. Hún fór m.a. yfir
 - Farsældarlög
 - Farsældarráð Suðurnesja
 - Styrkleika og áskoranir barna og ungmenna á Suðurnesjum
 - Hvað kostar að gera ekki neitt?
- Glærurnar má finna í viðhengi.
- Samtakahópurinn þakkar Hjördísi Evu fyrir góða kynningu.

Fundurinn var síðasti fundur fyrir sumarfrí. Við óskum ykkur gleðilegs sumars og hlökkum til áframhaldandi samstarfs haustið 2025.

Fundi slitið kl. 15:30

Næstu fundur: ágúst 2025 í Ráðhúsinu